

**Hverfafundur í Giljahverfi haldinn 21. okt. 2004 kl. 20:00 í Giljaskóla.**

Mættir: Birgir, Aðalsteinn, Sigurður, Guðlaug.

**Fundarefni: Ósk um álit hverfisnefndar á hugsanlegri fjölgun íbúðarhúsalóða í Giljahverfi.**

Tekið var fyrir erindi frá Finni Víkingssyni um íbúðalóð við norðurenda Víkurgils og í framhaldi af þeirri ósk rætt um fjölgun íbúðarhúsalóða á svæðinu sunnan Fossa- og Fannagils og norðan Víkur- og Vörðugils .

Hverfisnefnd vill leggja áherslu á að halda hverfisvellingnum austast á svæðinu en setur sig ekki upp á móti fjölgun íbúðarhúsalóða vestan við hverfisvöllinn.

Nefndin leggur áherslu á að fram fari grenndarkynning áður en breyting á deiliskipulagi er lögð fram.

Fundi slitið kl. 21:00.

Næsti fundur verður 25. nóvember kl. 20:00.